



Náms- og kennsluáætlun - Haustönn 2026

LSTR1GH03

Kennari	Ólöf Ósk Óladóttir olof.oladottir@fss.is	
Viðtalstími	Mánudaga, kl. 14.00-1.40, stofa 221	
Námsefni	Kennsluefni frá kennara, nemendur koma með eigið efni í verkefni sín.	
Áfangalýsing	Í þessum tímum vinna nemendur sjálfstætt að sínum hugarefnum og fá tækifæri til að þróa hæfileika sína eða finna nýjar áskoranir. Nemendur finna sjálfir leiðir til að nálgast viðfangsefni sín. Áhersla er á öguð vinnubrögð, skipulag, vinnusemi og sjálfsmat. Kenndar eru þrjár kennslustundir á viku.	
Námsmat og vægi námsmatsþátta	Áfanginn er símatsáfangi.	
	Símatsáfangi ☒	Lokapróf ☐
	Sleppikerfi ☐	
	Heiti	Vægi
	Markmiðssetning í upphafi áfangans	20%
	Lokaafurð	30%
	Stöðuskýrsla (2x)	20%
	Virkni í kennslustundum	20%
	Sjálfsmat í lok áfangans	10%
Reglur áfanga	Notkun á snjallsímum er ekki leyfileg í tímum nema með leyfi kennara.	
Annað sem kennari vill láta koma fram	Gert er ráð fyrir því að nemendur útvegi efnivið sem þarf til þeirra verkefna sem þeir velja, taki þátt í öllum verkefnum og vinni þau jafnt og þétt. Mikil áhersla er lögð á virkni í kennslustundum.	

Grunnbættir menntunar	Læsi: Nemendur þjálfast í að afla sér upplýsinga og nýta þær í tengslum við eigin viðfangsefni. Þeir læra að velja leiðir og verkfæri sem henta verkefnum þeirra og miðla vinnu sinni á viðeigandi hátt. Sköpun: Nemendur fá tækifæri til að vinna að eigin hugarefnum, þróa hæfileika sína og takast á við nýjar áskoranir. Þeir eru hvattir til að sýna frumkvæði, prófa nýjar leiðir og finna eigin lausnir við verkefnavinnu. Lýðræði og mannréttindi: Nemendur hafa áhrif á eigið nám með því að velja sér viðfangsefni og leiðir að markmiðum sínum. Þeir þjálfast í að taka ábyrgð á eigin námi, skipuleggja vinnu sína og virða viðfangsefni og val annarra. Heilbrigði og velferð: Nemendur fá tækifæri til að vinna út frá eigin áhuga og styrkleikum. Áhersla er lögð á sjálfstæði, vinnusemi og að nemendur setji sér raunhæf markmið og meti eigin vinnu og framfarir.
-------------------------------------	---

Þekking	Leikni
Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á: • mikilvægi skipulags og góðra vinnubragða • leiðum til að setja sér markmið og skipuleggja eigin vinnu • eigin styrkleikum, áhugasviðum og möguleikum til að þróa þá áfram • mikilvægi sjálfsmats og þess að meta eigin vinnu og framfarir	Nemandi skal hafa öðlast leikni í að: • velja sér viðfangsefni út frá eigin áhuga og styrkleikum • setja sér raunhæf markmið og skipuleggja vinnu sína • vinna sjálfstætt og markvisst að verkefnum • leita leiða og lausna þegar áskoranir koma upp • meta eigin vinnu og framfarir
Hæfni	
Nemandi skal geta hagnýtt þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að: • taka ábyrgð á eigin námi og verkefnavinnu • vinna sjálfstætt og markvisst að eigin viðfangsefnum • sýna frumkvæði og takast á við nýjar áskoranir • nýta eigin styrkleika og áhugasvið til að þróa hæfileika sína • finna leiðir og lausnir þegar áskoranir koma upp • fylgja verkefnum eftir frá hugmynd að niðurstöðu • meta eigin vinnubrögð og framfarir og nýta sjálfsmat til að bæta sig	

Virðing, samvinna og árangur

Kennsluvikur	Áætluð yfirferð námsefnis	Skil á verkefnum
1. vika 19.-21. ágúst	Kynning á áfanga	
2. vika 24.-28. ágúst	Einstaklingsvinna	Markmiðasetning
3. vika 31. ágúst-4. september	Einstaklingsvinna	
4. vika 7.-11. september	Einstaklingsvinna	
5. vika 14.-18. september	Einstaklingsvinna	Samskiptadagur 14. september
6. vika 21.-25. september	Einstaklingsvinna	
7. vika 28. september-2. október	Einstaklingsvinna	
8. vika 5.-9. október	Stöðuskýrsla um framgang	Skila stöðuskýrslu
9. vika 12.-16. október Námsmatsdagur 12. okt. Miðannarmat 13. okt.	Einstaklingsvinna	
10. vika 19.-23. október Vetrarleyfi 23. október	Einstaklingsvinna	
11. vika 26.-30. Október Vetrarleyfi 26. október	Einstaklingsvinna	
12. vika 2.-6. nóvember	Einstaklingsvinna	
13. vika 9.-13. nóvember	Stöðuskýrsla	Skila stöðuskýrslu
14. vika 16.-20. nóvember	Vinna við lokaskýrslu	
15. vika 23.-27. nóvember Dimissio 27. nóvember	Lokaafurðu	
16. vika 30. nóvember-4. desember	Sjálfsmat Öllum þáttum lokið	Sjálfsmati skilað Lokaskil

Með fyrirvara um breytingar og von um gott samstarf

Ólöf Ósk